


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Lokaverkefni HTL 603</b> <b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	

<b>Kennari</b>	Sólveig Þóra Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	SÓL
<b>Viðtalst.</b>	Mánudagur 11:25 – 12:10		

**Áfangalýsing:** Í áfanganum eiga nemendur að útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil eftir eigin áhugasviði. Nemendur geta valið að dýpka skilning á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja. Nemendur skulu skipuleggja heildarvinnuferlið, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu, verki sem þeir sýna í lok annar. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

### Markmið:

Markmiðið er að nemandinn:

- hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum
- sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval og í úrvinnslu
- geti sett fram vinnuáætlun, fylgt henni og greint verkþætti
- auki færni sína í að vinna vandaða hugmyndavinnu á því formi sem hentar honum
- sýni fram á að hann geti endurmetið hugmyndir sínar og tekið tillit til breytinaga í framkvæmd
- sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra á greinagóðan og gagnlegan hátt

**Námsgögn:** Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

**Efni:** Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það.

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.**

### Áætlun um yfirferð:


**Verkáætlun:** Í upphafi áfangans skulu nemendur vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

**Dag- og/eða skissubók:** Rík áhersla verður lögð á að nemendur vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrái t.d. í dagbókarformi, ferlið, hugsanir, þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt ferlið sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðarinnar í lok áfangans.

**Umræður:** Jafnt og þétt verða umræður um vinnu einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl hjá kennara (sjá tímaáætlun) eftir að skyldutímum í töflu sleppir.

**Sýning:** Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samráði við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

**Greinargerð:** Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til niðurstöðu sinnar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Lokaverkefni HTL 603</b> <b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	


### Tímaáætlun:

Vika	Dags.	Viðfangsefni	Vika	Dags.	Viðfangsefni
34	24. ágúst	Fundur / skipulag annarinnar	43	26. okt	Fundur + yfirferð /ketilhúsið
35	31. ágúst	Hugmyndavinna í tíma. Drög að verkáætlun kynnt.	44	31. okt - 4. nóv.	Einstaklingsviðtöl
36	7. sept	Hugmyndavinna í tíma	45	9.nóv.	Fundur + sýningarundirb.
37	14. sept	Hugmyndavinna í tíma	46	16. nóv.	Lokayfirferð og skil
38	21. sept	Hugmyndavinna í tíma, skil á verklýsingu	47	21. nóv. - 25.nóv.	Sýningarundirbúningur og uppsetning í Ketilhúsi
39	28. sept	Fundur + yfirferð	48-49	Sýning í Ketilhúsi	26. nóv. - 11. des.
40	3-7 okt.	Einstaklingsviðtöl	50	12. des	Skila skal greinagerð, dag-skissubók og ferilmöppu
41	10-14 okt.	Einstaklingsviðtöl			
42	17-21 okt.	Einstaklingsviðtöl			

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input checked="" type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verkáætlun	Verkáætlun nemandans yfir vinnu annarinnar	5%	
Dag-/skissubók og Ferilmappa	Dagbókarfærslur yfir vinnu nemandans og allar skissur ásamt allri þróunar og hugmyndavinnu sett fram á aðgengilegan hátt	20%	
Greinagerð	Samantekt á þeim þáttum sem leiddu til lokaniðurstöðu	5%	
Sýning undirbúin	Þátttaka nemandans í undirbúningi sýningar og upphengi	5%	
Lokaverk	Lokaniðurstaða vinnu nemandans í áfanganum	15%	
Lokamat og yfirferð	Yfirferð kennara áfangans og annara kennara (prófdómarar) listnáms og hönnunarbrautar	50%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	

Dagsetning: 22.08.16

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils